

## REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð um lánaflokk Íbúðalánaþjóðs, nr. 57/2009.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. 7. og 10. tölul. falla brott.
- b. 8. tölul. orðast svo: Lán til endurbóta og viðhalds leiguðbúða, sbr. VI. kafla reglugerðar um lánveitingar Íbúðalánaþjóðs til sveitarfélaga, félaga og félagsamtaka sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á leiguðbúðum.

### 2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

### 3. gr.

VIII. og IX. kafli reglugerðarinnar falla brott.

### 4. gr.

2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Um starfsemi félaga og félagsamtaka sem eiga kost á lánum samkvæmt þessum kafla skal, eftir því sem við getur átt, gæta ákvæða reglugerðar um lánveitingar Íbúðalánaþjóðs til sveitarfélaga, félaga og félagsamtaka sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á leiguðbúðum.

### 5. gr.

XI. kafli reglugerðarinnar fellur brott.

### 6. gr.

Í stað orðanna „kærunefndar húsnæðismála“ í 55. gr. reglugerðarinnar kemur: úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

### 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 16. gr. og 50. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 2. desember 2013.*

**Eygló Harðardóttir**  
félags- og húsnæðismálaráðherra.

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*